

Ed.

131. Frumvarp til laga

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 340 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 380 kr. og svo framvegis þannig, að launin hækka um 40 kr. fyrir hverja 50 íbúa;

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{2}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsgr., ef hann fer með sýslan í kaupúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaupúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóraalaun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.